



Árnesi 2. febrúar 2018

Fundargerð stjórnar

20. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu haldinn föstudaginn 2. febrúar 2018, kl. 8.30 í slökkvistöðinni í Árnesi.

Mætt: Ari Björn Thorarensen, formaður, Ingibjörg Harðardóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Eyþór H. Ólafsson, Pétur Pétursson, Sverrir Haukur Grönli og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður bauð fundarmenn velkomna í nýja og glæsilega slökkvistöð í Árnesi og lýsti ánægju sinni með húsnæðið. Formaður setti fund kl. 8.30.

1. Útkallstölfræði 2017

Pétur fór yfir útkallstölfræði nýliðins árs. Útköllum hefur fjölgað nokkuð milli ára, árið 2016 voru útkallsvettvangar 92 en þeir voru 135 árið 2017. Vinnustundum í útköllum fjölgaði úr 2333 árið 2016 í 3165 árið 2017.

2. Eldvarnatölfræði 2017

Pétur kynnti tölfræði vegna eldvarnaeftirlits árið 2017. Úttektir voru 803, eldvarnaeftirlitsmenn sátu 42 bygginganefndafundi og umsagnir vegna leyfisveitinga voru 213 auk þess sem mikill tími fór í yfirferð teikninga. Árleg eftirlitsáætlun vegna ársins 2018 hljóðar uppá 2.643 skoðanir auk umsagna vegna leyfisveitinga.

3. Greiðslur vegna lífeyrissjóðsmála

- a.** Pétur kynnti uppgjör vegna breytinga á A-deild Brúar lífeyrissjóðs. Greiðslur frá BÁ skiptast þannig:

Jafnvægissjóður – kr. 2.172.306.-

Lífeyrisauki – kr. 12.465.599.-

Varúðarsjóður – kr. 1.341.086.-

Samtals – kr. 15.978.991.-

Umræður.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að undirrita samkomulag um uppgjör.

- b. Bókun vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna uppgjors við Brú lífeyrissjóð.**

Stjórn Brunavarna Árnessýslu samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga allt að fjárhæð 15.900.000 mkr., til 17 ára. Er lánið tekið til að fjármagna uppgjör við Brú lífeyrissjóð vegna breytinga á A-deild sjóðsins. Verkefnið fellur undir lánshæf verkefni, sbr. 3.gr. laga um stofnun opinbers

hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Jafnframt er Péttri Péturssyni kt. 210873-5979, slökkviliðsstjóra Brunavarna Árnassýslu, veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Brunavarna Árnassýslu að undirrita lánsamning við Lánasjóð sveitarfélaga og til að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari.

Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu láns þessa, ásamt vöxtum og kostnaði stendur einföld óskipt ábyrgð eftirfarandi 8 sveitarfélaga :

Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur, Hveragerðisbær, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Sveitarfélagið Árborg og Sveitarfélagið Ölfus, sbr. heimild í 2.mgr. 69 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og setja sveitarfélögin til tryggingar tekjur sínar sbr. 2. mgr. 68.gr. sömu laga.

- c. Slökkvitækjaþjónusta Suðurlands þarf einnig að greiða vegna breytinganna og skiptast þær greiðslur svona:
 - Jafnvægissjóður – kr. 549.756.-
 - Lífeyrisauki – kr. 1.384.188.-
 - Varúðarsjóður – kr. 148.915.-
 - Samtals – kr. 2.082.860.-Samþykkt að Brunavarnir Árnassýslu láni Slökkvitækjaþjónustu Suðurlands fyrir þessum greiðslum.

4. Fjármál 2017

Pétur kynnti stöðu á fjármálum BÁ árið 2017 eins og hún lítur út í dag, fyrir afstemmingar og uppgjör. Allt bendir til þess að fjárhagsáætlun muni standast.

5. Önnur mál

- a. Pétur kynnti aðkomu BÁ að rútuslysinu í Eldhrauni í desember 2017 og banaslysi á Flóavegi í byrjun janúar.
- b. Umræður um brunann í Hellisheiðarvirkjun.
- c. Umræða um innleiðingu persónuverndarlaga.
- d. Kynning á nýju slökkvistöðinni í Árnasi.
- e. Næsti fundur verður haldinn 23.mars kl.8:15

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 10:35